

Fimmtudaginn 23. mars 1995.

Nr. 454/1994.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
 gegn

Vigfúsi Kristni Hjartarsyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Fjárdráttur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 7. nóvember 1994. Krefst ákærði aðallega ómerkingar á héraðsdómi og heimvísunar málsins, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds.

Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Eigi eru efni til að fallast á kröfu ákærða um ómerkingu máls þessa.

Af hálfu forráðamanna Hafnarbíós hf., sem rak Hótel Örk og Hótel Valhöll, er því haldið fram, að starf ákærða hjá Hótel Valhöll hafi falist í frágangi dagsuppgjöra, launagreiðslum og greiðslu reikninga í samráði við hóteltjóra Valhallar. Stefán Guðmundsson fjármálastjóri hafi hins vegar séð um færslur, afstemmingar og vinnu, er laut að bókhaldi Hótel Valhallar fyrir árið 1993. Ákærði sendi Hótel Valhöll fjóra reikninga fyrir bókhaldsvinnu og akstur í þágu hótelsins fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst 1993, dagsetta 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 31. ágúst 1993. Reikningana kveðst hann hafa sent í lok júlí 1993, en fjármálastjóri Hótel Arkar kveður þá hafa borist í lok ágúst, eftir að ákærða var sagt upp. Með bréfi 16. september 1993 voru þessir reikningar endursendir. Í lok ágústmánaðar námu ógreiddar úttektir ákærða hjá Hótel Örk ríflega 400.000 krónum.

Ákærði samþykkti 20. september 1993 tryggingarvixil að fjárhæð 1.000.006 krónur, eftir að fram kom bréf fjármálastjóra Hótel Arkar frá 16. september 1993 um framangreinda skuld hans við hótelið, auk þeirrar fjárhæðar, er ákærði var kærður fyrir að hafa dregið sér.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti, sbr. einnig 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, ber að staðfesta hann um sakfellingu ákærða og refsiakvörðun.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, og verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Vigfús Kristinn Hjartarson, greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 24. október 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 5. apríl 1994, á hendur Vigfúsi Kristni Hjartarsyni, fæddum 25. júní 1956, til heimilis að Túngötu 42, Eyrarbakka, „fyrir fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu frá 7. apríl til 19. ágúst 1993 sem starfsmaður Hótel Arkar og Hótel Valhallar dregið sér 517.157 kr. með því að gefa út tékka á tékkareikning Hótel Valhallar nr. 517 við Íslandsbanka hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, og hagnýta sér andvirðið eða millifæra af nefndum tékkareikningi yfir á eigin reikninga, svo sem hér verður rakið:

1. Tékki nr. 0888580, að fjárhæð 13.900 kr., til K. Á., út gefinn 7/4 1993, notaður af ákærða til að kaupa síma fyrir sig hjá Vöruhúsi K. Á., Austurvegi 3–5, Selfossi.

2. Hinn 27. apríl millifært hjá Búnaðarbanka Íslands 15.000 kr. af reikningi Hótel Valhallar inn á tékkareikning sinn nr. 750 við Búnaðarbanka Íslands.

3. Hinn 14. maí millifært hjá Íslandsbanka 30.000 kr. af reikningi Hótel Valhallar nr. 517 inn á reikning sinn nr. 4800 við Íslandsbanka hf.

4. Tékki nr. 0888606, að fjárhæð 3.600 kr., til handhafa, út gefinn 12/5 1993 og notaður af ákærða til kaupa á bensíni.

5. Tékki nr. 1224730, að fjárhæð 3.000 kr., til handhafa, út gefinn 28/5 1993 og notaður af ákærða til kaupa á bensíni.

6. Hinn 18. júní millifært hjá Búnaðarbanka Íslands 30.000 kr. af reikningi Hótel Valhallar inn á reikning sinn nr. 4800 hjá Íslandsbanka hf.

7. Tékki nr. 1357466, að fjárhæð 83.333 kr., til Lögmanna Höfðabakka, út

gefinn 27/6 1993 og notaður af ákærða til greiðslu til lögmannanna vegna sjálfs sín.

8. Tékki nr. 1264109, að fjárhæð 3.234 kr., til handhafa, út gefinn 29/6 1993 og notaður af ákærða til kaupa á bensíni.

9. Hinn 15. júlí millifært hjá Íslandsbanka hf. 20.000 kr. af reikningi Hótel Valhallar inn á reikning sinn nr. 4800 við bankann.

10. Tékki nr. 1264114, að fjárhæð 150.000 kr., til I. B., út gefinn 26/7 1993. Ákærði lagði andvirði tékkans inn á reikning sinn nr. 4800 hjá Íslandsbanka hf.

11. Tékki nr. 1264113, að fjárhæð 50.000 kr., til B. I., út gefinn 26/7 1993. Ákærði lagði andvirði tékkans inn á tékkareikning sinn nr. 750 við Búnaðarbanka Íslands.

12. Hinn 5. ágúst millifært hjá Íslandsbanka 100.000 kr. af reikningi Hótel Valhallar inn á reikning sinn nr. 4800 við bankann.

13. Hinn 19. ágúst millifært hjá Búnaðarbanka Íslands 15.000 kr. af reikningi Hótel Valhallar inn á tékkareikning sinn nr. 750 við bankann.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Stefán Guðmundsson, kt. 190764-4519, gerir þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til að greiða Hótel Valhöll 517.157 kr. með hæstu lögleyfðu vöxtum frá útgáfudegi hvers tékka eða millifærslu til greiðsludags“.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði alsýknaður af refsikröfu ákærvalds svo og af bótakröfu Hótel Valhallar. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

I.

Grundvöllur saksóknar ákærvalds í máli þessu er kæra, sem lögð var fram á hendur ákærða 3. september 1993. Hafði hann þá um nokkurt skeið starfað hjá Hótel Örk í Hveragerði og Hótel Valhöll á Þingvöllum, en eftir því sem best verður séð, voru hótél þessi með sameiginlegt starfsmanna- og skrifstofuhald á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Starf ákærða í þágu Hótel Valhallar fólst meðal annars í því að sjá að hluta til um fjárreiður hótelsins. Hafði hann vegna þess starfa síns prókúru fyrir tékkareikningi á nafni hótelsins hjá Íslandsbanka hf. í Reykjavík. Að sögn forsvarsmanna umræddra hótela vöknudu um það grunsemdir í júlí á síðasta ári, að ekki væri allt með felldu um skil ákærða á fjármunum til Hótel Valhallar. Hafi því verið brugðið á það ráð að draga úr afskiptum hans af fjármálum hótelsins. Hinn 24. næsta mánaðar hafi framangreind prókúra hans verið afturkölluð, og í

kjölfar þess hafi komið í ljós óskýranleg notkun af hans hálfu á nefndum tékkareikningi. Leiddi áframhaldandi könnun málsins til þess, að lögð var fram kæra á hendur ákærða fyrir fjárdrátt.

Ákærði hefur við rannsókn málsins hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa millifært af tékkareikningi í eigu Hótel Valhallar yfir á eigin reikninga þær fjárhæðir, sem tilgreindar eru í ákæru og svo sem þar er nánar lýst. Þá hefur ákærði enn fremur viðurkennt að hafa gefið út sjö tékka á tékka-reikning Hótel Valhallar nr. 517 við Íslandsbanka hf. í Reykjavík og hagnýtt sér andvirði þeirra. Er tékkum þessum og ráðstöfun ákærða á andvirðinu lýst í ákæru málsins. Ákærði heldur því hins vegar fram, að sér hafi verið heimilt að ráðstafa umræddum fjármunum til eigin þarfa. Hafi í þeim verið fólgin greiðsla á umsömdum launum vegna vinnu sinnar í þágu hótelsins og kostnaði, sem hann hafi haft af rekstri bifreiðar vegna þeirrar vinnu sinnar.

Samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi hóf hann störf á Hótel Örk í Hveragerði í september 1992. Þá hann laun fyrir vinnu sína á hótelinu frá Hafnarbíói hf. Námu umsamin föst mánaðarlaun ákærða 175.000 krónum, og voru þau, eftir því sem best verður séð, greidd eftir á og í lok hvers mánaðar.

Að sögn ákærða var rætt um það við hann í ársbyrjun 1993, að hann tæki að sér að annast dagsuppgjör og færslu bókhalds fyrir Hótel Valhöll, þá er það hæfi starfrækslu um vorið. Á það hafi hann fallist. Hafi orðið að samkomulagi á milli ákærða og forsvarsmanna greindra hótela, að sérstaklega yrði greitt fyrir þessa vinnu hans, enda við það miðað, að starfsskyldur hans á Hótel Örk yrðu hinar sömu og áður og ekki væri gert ráð fyrir breytingu á vinnutíma hans þar. Skyldu umsamin laun ákærða vegna þessarar auknu vinnu hans nema 80.000 krónum á mánuði. Þá yrði kostnaður ákærða vegna aksturs hans í þágu Hótel Valhallar greiddur sérstaklega. Þrátt fyrir það að ákærði hafi margsinnis leitað eftir því, að gengið yrði skriflega frá samkomulagi þessu, hafi það aldrei verið gert, forsvarsmenn hótelanna hafi ávallt komið sér hjá því að ganga frá málinu með þeim hætti. Engu að síður hafi samningur tekist með aðilum, og samkvæmt honum hafi ákærði átt rétt til sérstakra launa vegna vinnu sinnar á Hótel Valhöll. Reyndin hafi líka orðið sú, að í því starfi hans hafi falist hrein viðbót við starf hans á Hótel Örk, en því hafi hann gegnt áfram með sama hætti og áður. Í ljósi þessa hafi ákærði litið svo á, að sér væri heimilt að inna af hendi til sín þær greiðslur, sem ákæra málsins tilgreinir, og með þeim hætti, sem þar er lýst.

Fyrir liggur, að ákærði sendi Hótel Valhöll fjóra reikninga vegna vinnu sinnar í þágu hótelsins, samtals að fjárhæð 614.919 krónur. Ná reikningar þessir yfir tímabilið 1. maí til 1. september 1993. Af hálfu ákærða er því

haldið fram, að fyrstu þrjá reikningana hafi hann afhent í lok júlímánaðar 1993, en hinn fjórða um það bil mánuði síðar. Afstöðu forsvarsmanna hótelsins til greindra reikninga er lýst í bréfi Stefáns Guðmundssonar, fjármálastjóra Hótel Arkar, dags. 16. september 1993, til ákærða. Í bréfinu segir meðal annars: „Hér með endursendast reikningar nr. 19–20–21–22, dags. 1/6, 1/7, 1/8 og 31/8 1993. Reikningar þessir eru settir fram vegna meints vinnuframlags mánuðina maí, júní, júlí, ágúst 1993, en á þeim tíma varst þú á fullum launum hjá Hótel Örk, m. a. fyrir að sinna þeirri vinnu, sem nú eru gerðir reikningar fyrir. Þessum reikningum er því alfarið hafnað, enda eiga þeir ekki við nein rök að styðjast. Hins vegar nemur skuld þín við Hótel Örk/Hótel Valhöll . . . nú 1.000.006 kr. og þar af 590.978 kr. vegna meints fjárdráttar af þinni hendi, en svo sem kunnugt er, hefur verið farið fram á sérstaka lögreglurannsókn vegna þessa máls.“

Í málinu er upplýst, meðal annars með framburði ákærða sjálfs, að í kjölfar ritunar framangreinds bréfs samþykkti ákærði tryggingarvígil, að fjárhæð 1.000.006 krónur, vegna þeirrar skuldar hans, sem vísað er til í bréfinu. Hefur ákærði staðfest það í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að ætlaður fjárdráttur sinn hafi verið innifalinn í víxilfjárhæðinni.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóminn til skýrslugjafar þeir Stefán Guðmundsson, fjármálastjóri Hótel Arkar, og Valdimar Jónsson, hóteltjóri í Hótel Valhöll. Vitni þessi munu hafa haft með höndum daglega yfirstjórn á nefndum hótelum, að minnsta kosti að því er tók til starfa ákærða þar, og að sögn hans var þeim í öllum atriðum kunnugt um samning aðila um sérstaka þóknun vegna vinnu ákærða í þágu Hótel Valhallar. Bæði þessi vitni höfnuðu hins vegar algerlega þeirri staðhæfingu ákærða, að samið hefði verið um sérstök laun honum til handa vegna þessarar vinnu hans.

Að sögn vitnisins Stefáns Guðmundssonar var rætt um það við ákærða, er hann kom til starfa á Hótel Örk haustið 1992, að fyrirhugað væri að starfrækja sameiginlega skrifstofu fyrir Hótel Örk og Hótel Valhöll sumarið 1993, en síðarnefnda hótelið er einvörðungu rekið að sumri til. Ákærði myndi í upphafi eingöngu vinna að færslu bókhalds, uppgjöri og innra eftirliti á Hótel Örk, en þegar fram liðu stundir, myndi starf hans í auknum mæli beinast að hliðstæðum verkum á Hótel Valhöll. Þegar þarna um haustið hafi verið samið við ákærða um laun hans vegna þessa, og samningur um frekari launagreiðslur hafi aldrei verið gerður, hvorki munnlega né skriflega. Ákærði hafi hins vegar í maí 1993 og um það leyti, sem hann hóf störf í þágu Hótel Valhallar, sett fram kröfu um launahækkun. Á þá kröfu hans hafi aldrei verið fallist, enda hafi vinnuframlag ákærða verið hið sama og áður, verksvið hans hafi einvörðungu tekið breytingum. Fullyrti vitnið,

að ráðstöfun ákærða á fjármunum Hótel Valhallar til eigin þarfa og svo sem henni er lýst í ákæru málsins, hafi með öllu verið honum óheimil. Þá staðhæfði vitnið jafnframt, að ákærði hefði afhent þá reikninga vegna vinnu sinnar á Hótel Valhöll, sem áður er vikið að, í lok ágústmánaðar 1993. Á þeim tíma hafi verið unnið að fjármálalegu uppgjöri á skuld ákærða við bæði hótelin, og hafi ákærði ætlast til þess, að reikningar þessir yrðu metnir sem greiðsla af hans hálfu upp í þá skuld hans. Reikningunum hafi hins vegar með öllu verið hafnað og þeir endursendir, skömmu eftir að þeir bárust. Í kjölfar þessa hafi orðið úr, að ákærði samþykkti tryggingarvígil, að fjárhæð 1.000.006 krónur. Hafi heildarskuld ákærða við hótelin, þar með talinn ætlaður fjárdráttur hans, verið innifalinn í víxilfjárhæðinni. Engu að síður hafi verið ákveðið, að fylgja ætluðum fjárdrætti ákærða eftir með formlegri kæru til lögreglu.

Í skýrslu vitnisins Valdimars Jónssonar fyrir dómi kom fram, að ákærði hefði óskað eftir því við vitnið, að laun sín yrðu hækkuð vegna starfa síns hjá Hótel Valhöll. Vitnið hefði bent ákærða á að ræða málið við Stefán Guðmundsson, þar sem hann hefði verið yfirmaður ákærða og séð um launamál hans. Verður framburður vitnisins ekki skilinn á annan veg en þann, að ósk ákærða um launahækkun eða sérstaka greiðslu vegna starfa síns í þágu Hótel Valhallar hafi aldrei verið samþykkt og ráðstöfun hans á fjármunum hótelsins til eigin þarfa því gersamlega verið án heimildar.

II.

Staðhæfing ákærða þess efnis, að í ráðstöfun sinni á fjármunum Hótel Valhallar, sem rakin er í ákæru málsins og ákærði hefur staðfest sem rétta, hafi verið fólgin greiðsla launa sér til handa í samræmi við samning sinn og forsvarsmanna hótelsins, gengur fullkomlega í berhöggi við afdráttarlausan framburð þeirra Stefáns Guðmundssonar og Valdimars Jónssonar, sem áður er rakinn.

Ákærði hefur hér fyrir dómi staðfest tilvist fjármálalegs uppgjors síns við Hafnarbío hf. í september 1993, en því er áður lýst. Samkvæmt því féllst ákærði á það með forsvarsmönnum félagsins, að sér bæri að endurgreiða þá fjármuni, sem hann er nú saksóttur fyrir að hafa dregið sér. Er framangreind staðhæfing ákærða um samningsbundin launakjör hans lítt trúverðug í ljósi þessa.

Útborgun launa til ákærða frá Hafnarbío hf. vegna tímabilsins 1. janúar til 1. september 1993 studdist við út gefna launaseðla hverju sinni. Tilhögun ákærða á heimtu þeirra launa, sem hann telur sig eiga rétt til vegna vinnu sinnar í þágu Hótel Valhallar, var hins vegar með þeim hætti, að tortryggi-

legt hlýtur að teljast. Þá var honum í lófa lagið, bæri honum réttur til þeirra launa, sem hér um ræðir, að sjá til þess, að greiðsla þeirra færi fram með trúverðugum hætti.

Þegar sakargögn eru virt og sérstaklega litið til þess, sem að framan er rakið, þykir að mati dómsins nægilega sannað, að ákærði hafi með þeim hætti, sem í ákæru greinir, dregið sér 517.157 krónur úr sjóðum Hótel Valhallar og með því gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu, sem áhrif hefur við ákvörðun refsingar hans í máli þessu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Eftir atvikum og þar sem ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir brot á almennum hegningarlögum, þykir mega ákveða, að refsing hans skuli öll vera skilorðsbundin til þriggja ára, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

IV.

Við dómsmeðferð máls þessa var upplýst, að Hafnarbíó hf. hefði höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur ákærða til greiðslu víxils þess, sem áður er vikið að, en í honum fólst uppgjör á skuld ákærða við félagið. Var mál þetta þingfest 15. f. m., og mun því ekki vera lokið. Sú bótakrafa, sem höfð er uppi gagnvart ákærða í því refsímáli, sem hér er til meðferðar, var felld inn í greint uppgjör og er hluti víxilfjárhæðar. Að svo komnu brestur lagaskilyrði til, að taka megi bótakröfuna til efnislegrar meðferðar í þessu máli. Verður henni því vísað frá dómi.

V.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Björnssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi sýslumannsins á Selfossi, sókn málsins.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Vigfús Kristinn Hjartarson, sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Bótakröfu Hótel Valhallar er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Björnssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.
